

Forsætisráðuneytið
b/t Sigurðar Arnar Guðleifssonar
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Garðabær, 12. nóvember 2021
Tilvísun: 202110-0022
SS

Efni: Jarðir sem liggja að friðlýstum svæðum. Vegna ákvæðis laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um forkaupsrétt ríkissjóðs.

Í bréfi til Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. þann 13. október 2021, óskaði forsætisráðuneytið eftir því að Náttúrufræðistofnun taki saman yfirlit yfir þær jarðir og aðrar landareignir sem liggja að hluta eða öllu leyti að friðlýstum náttúruverndarsvæðum og sem stofnunin telur að helst geta komið til greina að séu háðar forkaupsrétti ríkissjóðs m.t.t. sjónarmiða um náttúruvernd.

Tengist beiðnin vinnu við frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna sbr. mál nr. 91/2021 á síðasta þingi. Í því frumvarpi þar sem til skoðunar er að tilgreina ákvæði þar sem lagt er til að breyta ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 sem fjallar um forkaupsrétt ríkissjóðs að jörðum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá. Breytingin felur í sér að ákvæðið muni einnig ná yfir þessar jarðir og aðrar landareignir sem liggja að hluta eða öllu leyti að friðlýstum náttúruverndarsvæðum.

Yfirlit Náttúrufræðistofnunar á að gefa upplýsingar um umfang þeirra jarða sem falla undir þessa skilgreiningu og sérstaklega á að fjalla um þær jarðir þar sem forsendur fyrir réttlætingu forkaupsréttar eru hvað mestar vegna náttúruverndarsjónarmiða og rökstyðja hvert tilfelli fyrir sig.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur framkvæmt frumskoðun á þeim jörðum og öðrum landareignum sem falla undir þessa skilgreiningu. Friðlýst svæði á Íslandi í dag eru vel yfir hundrað talsins og mörg ná yfir stór svæði og að þeim liggja margar jarðir. Því er um mjög viðamikil verkefni að ræða sem stofnuninni gafst fremur stuttur tími til að framkvæma.

Kortlagning jarða sem liggja að friðlýstum svæðum

Nákvæmar upplýsingar um jarðir og landareignir, mörk þeirra og heiti, eru alls ekki alltaf til staðar og t.d. töluvert um óskiptar landareignir. Stuðst var við kortasjár sem gefa upplýsingar um jarðamörk en það eru landeignaskrá Þjóðskrár sem er uppfærð reglulega, kortlagning Þjóðlendna (uppfærð í maí 2021) og nýtalands gagnagrunnur Þjóðskrár sem er frá 2006 og felur í sér ýmsar takmarkanir.

Ekki gafst tími til að skoða nákvæmlega einstök tilfelli og útkljá óviss landamerki með því að t.d. rýna lýsingar í jarðabókum og því er töluvert óvissa til staðar varðandi margar af þeim jörðum sem hér um ræðir. Það ber að hafa í huga á þessu stigi málsins og ljóst að skoða þarf betur einstök tilfelli eins og við á eftir því sem málinu vindur áfram. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að leita ætti til sérfræðinga í kortlagningu jarða og landareigna þegar kemur að slíkri vinnu en þá sérfræðipækkingu er ekki að finna hjá stofnuninni.

Þar sem einungis var óskað eftir að gefa yfirlit yfir þær jarðir sem í dag eru ekki háðar forkaupsrétti ríkissjóðs voru eftirfarandi jarðir/landareignir undanskildar í frumskoðun Náttúrufræðistofnunar:



Í fyrsta lagi jarðir/landareignir sem skarast að öllu eða hluta við friðlýst svæði (A-hluti náttúruminjaskrár) eða svæði á C-hluta náttúruminjaskrár en forkaupsréttur er til staðar fyrir þessar jarðir/landareignir. Í öðru lagi þjóðlendur. Í þriðja lagi voru einnig jarðir/landareignir í eigu sveitarfélaga sem ná yfir þéttbýlissvæði eða athafna- og iðnaðarsvæði að mestu leyti undanskildar enda yfirleitt um afar mikinn fjölda lítilla lóða í einkaeigu að ræða og ekki talið skynsamlegt að meta verndargildi einstakra smálóða í þessu samhengi.

Mikið af jörðum sem liggja að friðlýstum svæðum skarast að öllu eða hluta á við friðlýstu svæðin og gildir því forkaupsréttur fyrir þær jarðir miðað við núgildandi lög. Í nokkuð mörgum tilfellum var staðan sú að allar jarðir sem lágu upp að friðlýstum svæðum voru að hluta til innan þeirra. Átti það t.d. við um verndarsvæði Mývatns-Laxár. Þá voru allmörg friðlýst svæði staðsett innan marka stærra náttúruverndarsvæðis sem tilheyrir núgildandi (C-hluta) náttúruminjaskrá. Í þeim tilfellum voru allar jarðir sem lágu upp að þeim friðlýstu svæðum innan náttúruminjaskrár og þar með forkaupsréttur í gildi. Þá voru þjóðlendur ríkjandi meðal þeirra landareigna sem lágu næst upp að friðlýstum svæðum á miðhálandinu m.a. í tilfelli Vatnajökulþjóðgarðs.

Þar af leiðandi kom í ljós við frumskoðunina að grisja mátti frá mikinn fjölda jarða. Engu að síður voru 124 jarðir eða landareignir sem liggja upp að friðlýstum svæðum án þess að skarast við þau og án þess að skarast við gildandi (C-hluta) náttúruminjaskrá eða vera þjóðlenda eða þéttbýlissvæði.

Tekin var sú ákvörðun að túlka lög um verndun Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að allar jarðir/landareignir sem liggja að verndarsvæði Breiðafjarðar hljóti að skarast við verndarsvæðið þó það sé ekki með öllu leyti skýrt þegar mörk verndarsvæðisins eru skoðuð á kortum en stundum ná þau upp á land og stundum ekki. Í 2. grein laganna segir að ákvæði laganna taki til allra „eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins“. Miðað við kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á fjöruvistgerðum í Breiðafirði er þær að finna meira og minna við allar jarðir sem hafa strandlínu sem liggur að verndarsvæðinu. Þess vegna eru þessar jarðir ekki hafðar með í greiningunni. Náttúrufræðistofnun skráði hins vegar niður þær jarðir sem á sumum kortum ná ekki það langt út í fjörur að skörun við verndarsvæðið sé nægjanlega augljós. Það eru um 77 jarðir sem svo er átt við um. Ef um mistúlkun laga um vernd Breiðafjarðar er að ræða hjá Náttúrufræðistofnun bætast þær við listann yfir jarðir sem liggja að friðlýstum svæðum. Hægt er að nálgast upplýsingar um þær jarðir hjá stofnuninni ef þess er óskað.

Mat á verndargildi náttúruminja

Hver jörð/landareign var skoðuð með tilliti til verndargildis. Þar var fyrst og fremst horft til þekktra náttúruminja sem finnast á svæðinu. Var einkum horft til eftirfarandi þátta:

- Vistkerfi og jarðminjar sem falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en það eru: votlendi – 2 hektarar eða stærri, stöðuvötn og tjarnir – 0,1 hektarar eða stærri, sjávarfítjar og leirur, sérstæðir birkiskógar, eldvörp, eldhraun, gervigíggar og hraunhellar sem myndast eftir að jökull hvarf á síðjökultíma, fossar og nánasta umhverfi þeirra, hverir og aðrar heitar uppsrættur. (sjá vefsíða: [ArcGIS Web Application \(ni.is\)](http://ni.is))
- Steindir og steingervingar, sbr. 60 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Kortlagningu útbreiðslu steinda og steingervinga á Íslandi er ekki lokið þannig að nær örugglega er verið að vanmeta þennan þátt.

- Mikilvæg fuglasvæði skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar ([Mikilvæg fuglasvæði | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)).
- Vistgerðir með hátt verndargildi skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar ([NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS \(ni.is\)](#)).
- Svæði sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjaskrár ([Náttúruminjaskrá | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)).
- Aðrar merkilegar náttúruminjar sem ekki falla undir ákvæði 61. greinar. sem Náttúrufræðistofnun hefur upplýsingar um, þar má nefna æðplöntutegundir á válista, og aðrar jarðminjar, lindasvæði o.fl. byggt á upplýsingum Náttúrufræðistofnunar.
- Víðerni miðað við frumkortlagningu Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hornafirði (Október, 2021). Ekki til á kortasjá, stuðst við kort í skýrslu: [ostmanetal2021_wildernessiceland.pdf \(hi.is\)](#).
- Tækifæri til endurheimtar vistkerfa, einkum votlendis.

Greiningin byggist eingöngu á aðgengilegum upplýsingum um útbreiðslu/staðsetningu náttúruminja sem hefur verið skráð eða kortlögð sem og vitneskju sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar. Um tæmandi greiningu á náttúruminjum er alls ekki að ræða, enda margar jarðir á landsvæðum þar sem skortir upplýsingar og/eða þörf er á frekari athugunum og rannsóknum. Æskilegt væri að framkvæma nákvæmari úttekt og mat á verndargildi fyrir margar af stærri jörðum sem til umfjöllunar eru til að tryggja að ekki sé verið að horfa fram hjá mikilvægum atriðum við verndargildismatið.

Í kjölfar skoðunar á helstu þekktu náttúrufræðisþáttum var framkvæmt gróft mat og flokkun á verndargildi. Þrjú flokkar fyrir verndargildi eru lagðir til fyrir jarðirnar sem skoðaðar voru:

1. Mikið eða mjög mikið verndargildi.
2. Miðlungs verndargildi.
3. Lítið eða fremur lítið verndargildi.

Flokkunin byggist umfram allt á samanburði á jörðunum en má ekki túlka sem alhliða mat á verndargildi fyrir svæðin sem um ræðir, enda byggt á upplýsingum sem eru ekki tæmandi og mjög mismikilli staðbundinni þekkingu. Fjölbreytni og fjöldi náttúruminja sem teljast hafa hátt eða mjög hátt verndargildi vegur þyngst í matinu en einnig er tekið tillit til stærðar jarða og staðsetningar, tengsl við friðlýsta svæðið sem um ræðir hverju sinni og hversu vel það myndi henta að fella jörðina inn í friðlýsta svæðið ef það yrði stækkað. Einnig var tekið tillit til núverandi landnotkunar miðað við upplýsingar sem auðveldlega var hægt að túlka úr kortum, loftmyndum o.s.frv. en ekki gafst tími til að rýna landnotkunaráform eins og þau birtast í skipulagsáætlunum eða öðrum áætlunum yfirvalda.

Þess ber að geta að í raun hafa engar jarðir sem liggja að friðlýstum svæðum mjög lítið eða ekkert verndargildi því allar hafa þær hlutverki að gegna sem jaðarsvæði fyrir friðlýsta svæðið, mismikið að sjálfsögðu. Í gegnum tíðina hefur of lítill gaumur verið gefinn að því að skilgreina jaðarsvæði í kringum friðlýst svæði til að tryggja að þeim verði ekki þrengt um of með mögulegum ógnum fyrir þær náttúruminjar sem verið er að vernda innan friðlýsingarmarka.

Yfirlit yfir allar jarðirnar er að finna í meðfylgjandi Excelskjali. Þar koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Heiti jarðar/landareignar. Stundum er landeignarnúmer en ekki nafn.
- Friðlýst svæði sem jörðin liggur upp að. Geta verið fleiri en eitt.
- Náttúruminjar sem finnast innan jarðar miðað við bestu upplýsingar.
- Mat á verndargildi samkvæmt flokkunarkerfinu.

Niðurstaða

Af þeim 124 jörðum/landareignum sem voru metnar með tilliti til verndargildis voru 28 jarðir metnar í flokk 1 með mikið eða mjög mikið verndargildi, 60 í flokk 2 með miðlungs verndargildi og 36 í flokk 3 með lítið eða fremur lítið verndargildi.


Jarðirnar 28 sem falla í efsta flokkinn og voru metnar með mikið eða mjög mikið verndargildi eru dreifðar víða um land. Allmargar þeirra eru töluvert stórar og margs konar náttúruminjar með mikið verndargildi þar að finna. Sumar litlar jarðir eða landareignir voru felldar í þennan flokk t.d. ef náttúruminjar þar voru að stórum hluta ósnortnar t.d. sumar jarðir sem liggja upp að friðlýstum votlendissvæðum og þar sem framræsla hefur lítið sem ekkert átt sér stað. Slíkar jarðir eru mjög mikilvæg jaðarsvæði fyrir friðlýstu svæðin og sömuleiðis auðvelt að finna rök fyrir því að þeim yrði bætt við friðlýsta svæðið ef svo bæri undir.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að sterk rök eru fyrir því að réttlæta forkaupsrétt ríkisins á þeim 28 jörðum sem metnar eru með hæst verndargildi. Sömuleiðis er full ástæða til að meta enn fremur forsendur fyrir forkaupsrétt fyrir þær 60 jarðir sem metnar eru með miðlungs verndargildi. Hins vegar er erfiðara að rökstyðja tilefni fyrir forkaupsrétt fyrir jarðirnar 36 sem metnar eru með lítið eða fremur lítið verndargildi en ljóst að minnihluti jarða sem liggja að friðlýstum svæðum falla í þann flokk. Því má álykta að þegar horft er til náttúruverndargildis þá eru talsvert sterk rök fyrir því að forkaupsréttur nái einnig yfir jarðir sem liggja að friðlýstum svæðum til viðbótar við jarðir sem eru innan þeirra eða skarast við þau eða eru innan annarra svæða á gildandi (C-hluta) náttúruminjasrá.

Í viðauka með bréfinu er að finna stutta umfjöllun um jarðirnar 28 sem féllu í fyrsta flokkinn til að varpa ljósi á hvernig jarðir um er að ræða og til að veita frekari rökstuðning umfram það sem kemur fram í Excelskjalinu. Ekki verður fjallað um jarðir/landareignir sem lentu í flokkum 2 og 3.

Náttúrufræðistofnun Íslands er reiðubúin til að veita frekari ráðgjöf um verndargildi þeirra jarða sem til umfjöllunar eru í þessu máli enda ljóst að ástæða er til að afla frekari upplýsinga um náttúruminjar á einstökum jörðum og meta verndargildi þeirra t.d. með athugunum á vettvangi, ef þess gerist þörf.

Virðingarfyllt,
f.h. Náttúrufræðistofnunar Íslands



Snorri Sigurðsson, sviðsstjóri náttúruverndar.

Viðauki: Nánari umfjöllun um verndargildi þeirra 28 jarða sem metnar voru með mikið eða mjög mikið verndargildi.

1. Hvassahraun

Allstór jörð norðan við Reykjanesfólkvang. Víðáttumikið lítt raskað hraun úr Hrutagjárdyngju (aldur um 4500 ár) þ.m.t. Dyngnahraun, Geldingahraun og Rjúpnadalshraun. Mjög kjarri vaxið. Einnig yngra hraun, Mávahlíðarhraun, sem rann á sögulegum tíma (1151-1188). Gígamyndanir við Einihlíðar. Hraunhellasvæði. Landslag með mikið verndargildi.

2. Litli Lambhagi í Hvalfjarðarsveit.

Lítill jörð við suðaustanverðan Grunnafjörð. Stórt flæmi af nær óröskuðu votlendi sem er sjaldgæft á jörðunum kringum friðlýsta svæðið í Grunnafjörð. Mikilvæg búsvæði fyrir fugla. Tækifæri til frekari endurheimtar.

3. Kalmanstunga I í Borgarfirði.

Einkum fjallið Tunga norður af Húsafelli, liggur að friðlýsta svæðinu Geitlandi. Fjölbreytt og svipmikið landslag. Súrt gosberg áberandi. Mikið birkikjarr. Liggur að Norðlingafljóti að norðanverðu sem í eru fallegar flúðir og fossar, og að jaðri Gráhrauns sem er sögulegt hraun og hluti af Hallmundarhrauni (frá 1050). Mjög mikið útivistargildi vegna nálægðar við Húsafell.

4. Kalmanstunga II.

Beint austur af Kalmanstungu I. Liggur einnig að Geitlandi. Vesturhluti af fjallinu Strúti. Hluti af Kleppahrauni sem er sá hluti Hallmundarhrauns sem er fyrir norðvestan Strút liggur um jörðina. Hraunhellasvæði. Svipmikið landslag og mikið útivistargildi.

5. Sameiginlegur afréttur Kalmanstungu I og II.

Mjög stór afréttur sem nær yfir allan Strút og stóran hluta af Hallmundarhrauni þar með talin mikil hellasvæði (Surtshelli og Stefánshelli). Afrétturinn er sunnan við Norðlingafljót en nær yfir syðsta hluta Arnarvatnsheiði þ.m.t. tjarnirnar og votlendið norðaustur af Vopnalág. Í Norðlingafljóti eru flúðir og fossar þ.m.t. Bjarnarfoss. Um víðáttumikil víðerni og mjög svipmikið landslag er að ræða.

Saman mynda þessi þrjú svæði (3, 4 og 5) eina samfellda heild.

6. Litla Hraun í Kolbeinsstaðahreppi.

Jörðin liggur að náttúruvættinu Eldborg á Mýrum. Jörðin er í eyði og er landslag og náttúra mjög fjölbreytt. Eldborgarhraun (2600-500) ára gamalt þekur stærstan hluta af jörðinni. Jörðin liggur upp að Löngufjörum og þar eru víðáttumiklar leirur og sjávarfitjar, sem eru fjöruvistgerðir með hátt verndargildi. Þar eru mikilvæg búsvæði fugla, m.a. viðkomusvæði farfuglahópa t.d. rauðbrystinga og annarra vaðfugla. Hafernir verpa á svæðinu. Jörðin fellur innan tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár: [Mýrar-Löngufjörur | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)

7. Brjánslækjartorfan við Vatnsfjörð.

Jörðin liggur milli tveggja friðlýstra svæða, Vatnsfjarðarfriðlandi að norðan og Surtarbrandsgil að sunnan. Landslag er svipmikið, birkikjarr áberandi nálægt Vatnsfirði. Nær öruggt er að steingervingar finnast innan jarðarinnar. Forn gígur finnst inni á jörðinni. Jörðin nær upp á Lækjarheiði þar sem eru víðerni.

8. Óskiptur afréttur á Skálmardalsheiði norður af friðlandinu í Vatnsfirði.

Hluti af Glámuhálandinu. Víðerni með stórum hálandisvötnum. Jökulmenjar. Hrjóstrugt en svipmikið landslag. Möguleg varplönd snæuglu.

9. Pyttagerði í Skagafirði

10. Gýgjarhóll í Skagafirði

Báðar þessar jarðir liggja suðaustan við friðlandið við Miklavatn og að Vestari Héraðsvötnum. Jarðirnar eru innan tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár: [Láglandi Skagafjarðar | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#) sem er tilnefnt vegna votlendisvistgerða of fuglalífs. Þarna eru frjósöm flæðilönd, eitt gróskumesta votlendissvæði landsins. Á jörðunum tveimur er votlendi umfangsmikið og fremur lítið raskað og því með hátt verndargildi og gild ástæða að bæta þeim við friðlandið. Fylla má upp í gamla skurði.

11. Möðrudalur á Fjöllum

Sögufræg og víðáttumikil jörð sem liggur að Vatnajökulþjóðgarði. Vegna stærðar jarðarinnar er landslag mjög fjölbreytt og svipmikið, þar eru víðáttumikil víðerni, fjallgarðar, grýttar auðnir, ýmsar jarðminjar, ár og vötn, falleg votlendi með mörgum litlum tjörnum í þar sem heitir Framland o.fl.

12. Njarðvík

Liggur að landslagsverndarsvæðinu norðan Dyrfjalla. Mjög mikilfenglegt landslag með jökulsorfnum dölum. Merkar jarðminjar, bæði jökul- og bergmyndanir m.a. mikið um súrt gosberg. Í Njarðvík eru óvenjulega margir fundarstaðir lyngbúa (*Ajuga pyramidalis*) sem er mjög sjaldgæf plöntutegund sem er á válista æðplantna. Þar er jafnframt gróskumikið kjarrendi og gróðurfar fjölbreytt og áhugavert. Út af Brimnesi eru selalátur og landslag með ströndum fram er svipmikið.

13. Hvoll í Borgarfirði eystri

14. Gilsárvellir í Borgarfirði eystri.

Þessar samliggjandi jarðir eru austur af friðlýsta svæðinu við Dyrfjöll og austurhlíð Dyrfjalla tilheyrir þessum jörðum. Landslag er því hrikalegt og svipmikið. Jökulskornir dalir og grjóturðir taka við í hinum tilkomumiklu Dimmadal og Jökuldal. Í Gilsá eru fallegir fossar. Neðar í brekkum er töluvert um votlendi en neðst eru ræktarlönd. Útivistargildi mikið.

15. Gagnstöð á Úthéraði

Jörðin er austarlega á Héraðssandi og er norðvestan megin við landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla. Á jörðinni er töluvert votlendi og mikið um litlar tjarnir. Hún er innan tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár: [Úthérað | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#) sem er tilnefnt vegna vistgerða, fugla og sela. Héraðssandur er mikilvægt fuglasvæði m.a. vegna mikils þéttleika varps tegunda eins og lóupræls, lóms, skúms og kjóa.

16. Skorrastaður 1, 2, 3 og 4. Sameiginlegur afréttur í Oddsdal í Norðfirði.

Jörðin/afrétturinn nær yfir Oddsdal og upp í Oddskarð að sunnanverðu. Stórbrotið fjallalandslag með áberandi súru innskotsbergi. Fossar í Hengifossá. Sjaldgæf plöntutegund á válista, heidastör (*Carex heleonastes*) finnst í Oddsdal. Mikið útivistargildi.

17. Haukafell á Mýrum, Hornafirði.

Stórbrotið landslag í ríki Vatnajökuls. Flárfjall meðfram skriðjöklinum Fláajökli og Kolgrafardalur sem er birkivaxinn. Í mynni Kolgrafardals er fundarstaður giljaflækju (*Vicia sepia*) sem er sjaldgæf plöntutegund á válista.

18. Hnappavellir í Örafasveit

Stór jörð undir Örafajökli. Stórbrotið landslag, margs konar jarðmyndanir tengt jökulmyndun og eldvirkni. Jökulgarður og jökullón fyrir framan Kvíárjökul. Stórbrotin gil og gljúfur með fjölmörgum fossum við rætur Örafajökuls. Mikil votlendissvæði á söndunum. Hluti af mikilvægu fuglasvæði m.a. vegna varps skúms og lóms. Jörðin er innan innan tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár: [Fjallsá–Fagurhólsmýri | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#) sem er tilnefnt vegna fuglalífs og sela.

19. Hof í Örafum

Stór jörð undir Örafajökli með mikilfenglegu landslagi. Margs konar jarðmyndanir tengdar jöklunarsögu og eldvirkni m.a. súrt gosberg. Stórar breiður af lítt snortnu votlendi og allstór hluti Skeiðarársands þar sem eru einstök víðerni. Sandurinn er hluti af mikilvægu fuglasvæði vegna varps skúms og er innan tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár: [Skeiðarársandur | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#). Ósar Skeiðarár eru einnig mikilvæg selasvæði.

20. Skaftafell II.

Mjög víðáttumikil jörð sem að stærstum hluta nær yfir miðhluta Skeiðarársands en teygir sig einnig í norður Örafasveit að Svínafellsjökli og að Vatnajökulspjóðagarði í norðri. Stórbrotið landslag, ekki síst víðerni Skeiðarársand sem er eins og áður sagði tillaga fyrir B-hluta náttúruminjaskrár. Á norðanverðum sandinum á sér stað hröð og áhugaverð gróðurframvinda með landnámi birkis sem m.a. á uppruna sinn úr Bæjarstaðaskógi. Ýmsar jökulmyndanir nákægt Svínafellsjökli. Votlendi víða á söndunum. Mögulega er forkaupsréttur til staðar þar sem merk jarðmyndun, Stóralda sem er forn jökuldarður, er innan jarðarinnar en hún er á náttúruminjaskrá. Vegna smæðar Stóröldu og stærðar jarðarinnar þótti ástæða til að minnst á jörðina hér.

21. Kálfafell

22. Núpar

23. Dalshöfði.

Þessar þrjár jarðir liggja samhliða á austanverðum Síðuafretti og að Síðujökli í norðri þar sem jarðamörkin skarast lítið eitt við mörk Vatnajökulspjóðgarðs en þar sem þjóðgarðsmörkin fylgja jökulröndinni er viss óvissa um mörkin og því tilefni til að minnst á jarðirnar hér. Um stórar jarðir er að ræða í óbyggðum. Landslag er fjölbreytt og stórbrotið og eru hraun víðfeðm og áberandi. Þar er um að ræða Núpahraun, forsöguleg hraun upprunin úr Grímsvötnum (4000-12000 ára). Innan jarðar Dalshöfða eru merkir gígar í hrauninu er kallast Rauðhólar. Víðáttumikil votlendi eru á heiðasvæðum einkum á sunnanverðri Kálfafellsjörðinni. Djúpa rennur á austurmörkum Kálfafells og í henni eru margir fagrir fossar og landslag mikilfenglegt. Fagrir fossar eru einnig í Brunná innan Núpa og Hverfisfljót sem rennur á vesturmörkum Dalshöfða. Jarðhiti finnst í heitum lindum. Vinsælar gönguleiðir eru á þessum slóðum enda landslag fjölbreytt og stórbrotið og víðerni stór og samfelld.

24. Sólvellir í Oddatorfunni.

25. Oddi í Oddatorfunni.

Þessar tvær jarðir liggja að Oddaflóði sem er friðlýst votlendissvæði á Rangárvöllum og eitt stærsta og mikilvægasta verndarsvæði fyrir votlendi á Suðurlandi þar sem þrengt hefur mjög að votlendi vegna landbúnaðar og annarar landnotkunar. Á nágrannajörðunum tveimur eru enn nokkuð víðfeðm ósnortin votlendi með votlendisvistgerðum með hátt verndargildi en einnig tækifæri til endurheimtar í framræstu votlendi. Tækifæri eru til að stækka friðlandið og styrkja votlendisverndun og þar með búsvæði fugla og annarra tegunda sem nýta sér votlendið.

26. Mjóanes í Þingvallasveit.

27. Miðfell í Þingvallasveit.

Þessar tvær jarðir liggja samhliða við austanvert Þingvallavatn fyrir sunnan mörk Þingvallabjórðgarðs sitthvorum megin við Miðfell. Mikið er um merkar jarðminjar á jörðunum, einkum víðáttumikil hraun sem eiga uppruna sinn að rekja til Skjaldbreiðar og er rúmlega 10 þúsund ára gamalt. Úti á Mjóanesi eru merkir gígar og á báðum jörðum eru þekk hraunhellasvæði. Töluvert er um náttúrulegt birkikjarr. Mikið er um sumarbústaðalóðir næst Þingvallavatni en stærstur hluti jarðanna er lítt snortinn og með mikið verndargildi vegna landslags og jarðminja.

28. Afréttur austan við Þingvallabjórðgarð í eigu Grímsneshrepps.

Nokkuð víðáttumikill afréttur sem teygir sig frá miðri Lyngdalsheiði norður upp með austurhluta Gjábackahrauns og yfir Hrótafjöll. Stórbrotið landslag og merkar jarðminjar. Í hrauninu eru merkar gígaraðir vestur af Hrótafjöllum er kallast Eldborgir og fleiri þekktir gígar eins og Tinton og Litla-dímon. Þá er mjög mikið af hraunhellum í austanverðu hrauninu. Á Lyngdalsheiði sem er stór dyngja eru votlendissvæði t.d. þar sem heitir Kringlumýri.

Heimildir

David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason, 2021: Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu. Háskóla Íslands, Rannsóknasetur á Hornafirði. 26 bls.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018. Tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018. Válisti fugla.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018. Válisti æðplantna.

Vefsja Alta (www.vefsja.is).

Vefsjár Náttúrufræðistofnunar Íslands: Vistgerðir, Náttúruminjaskrá, Sérstök vernd, Jarðfræðikort.

Vefsjár Þjóðskrár Íslands.